

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 2000

Nr. 11

16

1. janúar 2000

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 1/2000 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 2000 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1999, hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 15. janúar 2000:

Greiðslumiðar vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.

II. Til 21. janúar 2000:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, eftirlaun og aðrar starfstengdar greiðslur.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til 21. febrúar 2000:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

IV. Til 15. maí 2000:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda og framlaga launagreiðanda vegna sjóðsfélaga.

V. Til síðasta skiladags skattframtala 2000, sbr. 1.-3. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum, sbr. 9. gr. laga nr. 123/1993, um samninga sem í gildi voru á árinu 1999 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er að upplýsingum skv. I og II, svo og gögnum sbr. IV og V hér að ofan, sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.